

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 758/2013, sbr. samþykkt nr. 718/2014.

1. gr.

4. tölul. A-liðar 40. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Umhverfisnefnd. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál. Þá fer nefndin jafnframt með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.

2. gr.

4. tölul. B-liðar 40. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. Byggðasamlag Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer með stjórn embættis Skiplagsfulltrúa uppsveita bs. skv. sérstökum samningi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í stjórnina. Framsals- og valdheimildir til skipulagsnefndar uppsveita og skipulags- og byggingarfulltrúa byggðasamlagsins fara eftir ákvæðum samnings og samþykta fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.

3. gr.

9. tölul. B-liðar 40. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Aðalfundur SASS. Þrír fulltrúar og þrír til vara.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.